


# SUÐURNES

Stöðugreining 2019





20.03.2020

Ritstjórn: Laufey Kristín Skúladóttir.

Aðrir höfundar efnis: Sigurður Árnason, Jóhannes Finnur Halldórsson, Einar Örn Hreinsson, Anna Lea Gestsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Sigríður Þorgrímsdóttir, Anna Lilja Pétursdóttir og Snorri Björn Sigurðsson.

ISBN: 978-9935-9503-2-1



BYGGÐASTOFNUN

# Suðurnes

## Stöðugreining 2019

### Efnisyfirlit

Inngangur.....	6	5.4 Opinber störf.....	27
1. Suðurnes, staðhættir og sérkenni.....	7	6. Önnur þjónusta.....	29
1.1 Um svæðið.....	7	6.1 Verslun.....	29
1.2 Íbúabéttleiki.....	8	6.2 Ýmis þjónusta.....	30
1.3 Mannfjöldapróun.....	8	6.3 Ferðapjónusta.....	30
1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli.....	10	7. Landbúnaður.....	33
1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting.....	11	7.1 Kjötframleiðsla.....	33
1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun.....	12	7.2 Fjöldi búpenings.....	33
2. Menntun.....	15	7.3 Fjöldi bóa.....	34
3. Efnahagspróun.....	17	7.4 Greiðslumark.....	34
3.1 Tekjur.....	17	7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús.....	35
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka.....	18	8. Sjávarútvegur.....	37
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur.....	18	8.1 Fiskveiðar.....	37
3.4 Fasteignaverð.....	19	8.2 Uppsjávarafli.....	37
4. Samgöngur.....	22	8.3 Úthlutaðar aflaheimildir.....	38
4.1 Vegir, hafnir og flugvellir.....	22	9. Stoðkerfi.....	40
4.2 Almennings-samgöngur.....	22	9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar.....	40
4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða.....	23	9.2 Sóknaráætlun.....	41
4.4 Gagnaflutningar.....	24		
5. Opinber þjónusta.....	25		
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla.....	25		
5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur.....	25		
5.3 Orkukostnaður.....	25		

## Myndayfirlit

Mynd 1 Suðurnes.....	7	Mynd 25 Atvinnutekjur á mann á Suðurnesjum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017.....	17
Mynd 2 Skipting mannfjöldans eftir sveitarfélögum 2019 .....	8	Mynd 26 Atvinnuleysi karla á Suðurnesjum ágúst 2008 til maí 2019 .....	18
Mynd 3 Íbúafjöldi Suðurnesja á ferkílómetra 2019 .....	8	Mynd 27 Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum ágúst 2008 til maí 2019.....	18
Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum .....	8	Mynd 28 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018.....	19
Mynd 5 Breyting á íbúafjölda á Suðurnesjum í samanburði við landið allt 1998-2019 .....	9	Mynd 29 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018 .....	19
Mynd 6 Suðurnes, hlutfall af íbúum landsins.....	9	Mynd 30 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum 2014 - 2018 .....	20
Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Suðurnesjum .....	10	Mynd 31 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum árið 2017 .....	20
Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum eftir svæðum 1998-2018.....	10	Mynd 32 Lögheimili eigenda íbúða á Suðurnesjum 2017 .....	21
Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa eftir svæðum á Suðurnesjum 1998-2019 .....	11	Mynd 33 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum 1995 – 2018 .....	21
Mynd 10 Þróun aldursdreifingar karla á Suðurnesjum 1998-2019 .....	11	Mynd 34 Helstu vegir á Suðurnesjum .....	22
Mynd 11 Þróun aldursdreifingar kvenna á Suðurnesjum 1998-2019 .....	11	Mynd 35 Hafnir á Suðurnesjum.....	22
Mynd 12 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Suðurnesjum 1998-2019 .....	12	Mynd 36 Almenningssamgöngur á Suðurnesjum .....	23
Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum árið 2019.....	12	Mynd 37 Almenningsamgöngur á Suðurnesjum .....	23
Mynd 14 Flutningsjöfnuður á Suðurnesjum 1998-2018.....	12	Mynd 38 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Suðurnesjum .....	24
Mynd 15 Flutningsjöfnuður á Suðurnesjum 1998-2018 eftir sveitarfélögum ..	13	Mynd 39 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019.....	24
Mynd 16 Fæðinga- og dánartíðni á Suðurnesjum 1998-2017.....	13	Mynd 40 Sjúkrahús og heilsugæsla .....	25
Mynd 17 Náttúruleg fjölgun á Suðurnesjum 2008-2017 .....	13	Mynd 41 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019...25	
Mynd 18 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum 2013-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi .....	14	Mynd 42 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu .....	26
Mynd 19 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018 .....	15	Mynd 43 Þróun orkukostnaðar á Suðurnesjum á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018 .....	27
Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Suðurnesjum 2018 .....	15	Mynd 44 Dagvöruverslanir á Suðurnesjum .....	29
Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018.....	16	Mynd 45 Þjónustusókn á Suðurnesjum.....	30
Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Suðurnesjum 25-64 ára 2018 .....	16	Mynd 46 Gistinætur á Suðurnesjum 2008 – 2018 eftir svæðum.....	31
Mynd 23 Útsvarsstofn á mann á Suðurnesjum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017 .....	17	Mynd 47 Gistinætur á Suðurnesjum eftir mánuðum 2018 .....	31
Mynd 24 Fjármagnstekjur á mann á Suðurnesjum 2008-2016 á verðlagi ársins 2017 .....	17	Mynd 48 Gistinætur á Suðurnesjum eftir þjóðerni 2012.....	31
		Mynd 49 Gistinætur á Suðurnesjum eftir þjóðerni 2018.....	32
		Mynd 50 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018 .....	32
		Mynd 51 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018 .....	32
		Mynd 52 Kjötframléiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018.....	33
		Mynd 53 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018.....	34
		Mynd 54 Greiðslumark sauðfjár á Suðurnesjum 2018.....	35
		Mynd 55 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018 .....	35
		Mynd 56 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019.....	36

Mynd 57 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir löndunarhöfnum á Suðurnesjum.....	37
Mynd 58 Ráðstöfun afla á Suðurnesjum .....	37
Mynd 59 Afli í uppsjávartegundum á Suðurnesjum .....	38
Mynd 60 Ráðstöfun uppsjávarafla á Suðurnesjum.....	38
Mynd 61 Úthlutaðar aflaheimildir á Suðurnesjum.....	38
Mynd 62 Úthlutað þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Suðurnesjum eftir stöðum án uppsjávartegunda .....	39

## Töfluyfirlit

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga Suðurnesjum 1998-2019 .....	9
Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019 á Suðurnesjum.....	10
Tafla 3 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða á Suðurnesjum .....	23
Tafla 4 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu .....	26
Tafla 5 Orkukostnaður heimila á Suðurnesjum á nokkrum þéttbýlisstöðum ..	26
Tafla 6 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12. 2018.....	27
Tafla 7 Opinber ríkisstörf í landshlutanum .....	27
Tafla 8 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum ....	28
Tafla 9 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum .....	28
Tafla 10 Dagvöruverslanir á Suðurnesjum eftir sveitafélögum 2019.....	29
Tafla 11 Þróun á fjölda búpenings í landshlutunum .....	34
Tafla 12 Fjöldi búa á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og á landinu öllu 2009-2017 .....	34
Tafla 13 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Suðurnesjum.....	37

## Inngangur

Stöðugreining landshluta 2019 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2014 með nokkrum viðbótum og breytingum. Í stöðugreiningunni er leitast við að lýsa stöðu helstu þátta landshlutans er lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt með stuttum og lýsandi texta þannig að yfirsýn fái fljótt og að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur.

Stöðugreiningin er lýsing á stöðu hvers landshluta fyrir sig. Einskonar ljósmynd af stöðunni eins og hún birtist núna. Stöðugreining 2019 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Greiningin verður ekki gefin út á pappír.

Í stöðugreiningunum er leitast við að nota nýjustu gögn sem völ er á. Mikið af gögnunum sem greiningin byggir á eru fengin frá Hagstofu Íslands, bæði opin gögn og gögn fengin með sérvinnslu. Einnig er notast við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá ásamt öðrum fagstofnunum líkt og Fiskistofu, Matvælastofnun og Ríkisskattstjóra.

Breyting er á framsetningu einstakra kafla frá stöðugreiningunni 2014 í takt við þá þróun sem orðið hefur. Uppbygging stöðugreininganna er eins fyrir alla landshluta og byggja á sambærilegum gögnum. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist sveitarfélögum og landshlutum við stefnumótun og öðrum sem láta sig byggðapróun í landinu varða á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.


Laufey Kristín Skúladóttir

# 1. Suðurnes, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Um svæðið

Svæði sóknaráætlunar Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin Grindavíkurbæ, Sveitarfélagið Voga, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Sóknaráætlunarsvæði Suðurnesja er samfallandi svæði Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, SSS. Á svæðinu bjuggu ríflega 27.000 manns þann 1. janúar 2019. Reykjanesbær er fjölmennastur með tæplega 19.000 íbúa en sveitarfélagið Vogar fámennast með tæplega 1.300 íbúa.

Sögulega byggðu Suðurnesin á sjósókn og fiskvinnslu. Sjávarútvegur er enn mikilvægur á svæðinu, sérstaklega í Grindavík. Undanfarin ár og áratugi hafa umsvif á Keflavíkurflugvelli og tengdum greinum orðið mikilvægasti þátturinn í atvinnulífi Suðurnesjamanna.



Mynd 1 Suðurnes

<sup>1</sup> Vífill Karlsson, [Deigla: rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna tbl.1 2019](#)

Í nýlegri könnun<sup>1</sup> meðal fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni segir í niðurstöðukafla um Suðurnes:

*„Styrkleikar Suðurnesja fólust í því að fyrirtæki þaðan mældust langlíklegust til að ráða fólk. Nokkuð margir þátttakendur sögðu skort á menntuðu starfsfólki sem og fólk með ákveðna færni. Þá var fjárfestingahugur hvergi meiri en í þessum landshluta. Vinnuafslvægi var einnig styrkleiki hér.*

*Þá voru fyrirtæki af svæðinu með hæstu hlutdeild sem mældist af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki. Afkoma fyrirtækjanna til skemmri tíma mældist nokkuð góð. Þá var bjartsýni ríkjandi á svæðinu hvort sem litið var inn á við (til eigin tekna) eða út á við (efnahagshorfnar almennt).*

*Allt þetta er mjög grátlegt í ljósi nýrrar stöðu í kjölfar gjaldþrots Wow-air og snúum við þá okkur að veikleikum svæðisins að mati fyrirtækja á svæðinu í janúar 2019. Þeir fólust eingöngu í takmörkuðum hlut svæðisins í skapandi greinum samkvæmt þessari greiningu. Hins vegar benti djúpgreiningin til þess að þeim væri samt ekki alls varnað hvað þann þátt varðaði.“*

Í Þjónustukönnun<sup>2</sup> sem gefin var út á árinu 2018 kemur fram að:

*„Þjónustusókn á Suðurnesjum var mismunandi eftir búsetusvæðum að því leyti að þátttakendur sem búsettir voru í Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ sóttu hlutfallslega mun minni þjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu, en þátttakendur í Vogum og Grindavíkurbæ.*

*Þátttakendur í Sveitarfélaginu Garði, Sandgerðisbæ og Vogum sóttu um 90%-92% þjónustunnar út fyrir sitt búsetusvæði en þátttakendur í Grindavíkurbæ sóttu um 59% þjónustunnar og þátttakendur í Reykjanesbæ sóttu um 33% þjónustunnar út fyrir sitt búsetusvæði.*

*Þátttakendur í Grindavíkurbæ sóttu um 14% þjónustunnar til Reykjanesbæjar en þátttakendur í Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ um 54-57% og*


<sup>2</sup> Sigríður Elín Þórðardóttir, [Þjónustukönnun Suðurnesja](#).

Þátttakendur í Vogum sóttu um 31% þjónustunnar til þjónustuaðila í Reykjanesbæ.

Þátttakendur búsettir í Grindavíkurbæ voru líklegri en þátttakendur frá öðrum búsetusvæðum á Suðurnesjum til þess að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn.“

## 1.2 Íbúapéttleiki

Í Reykjanesbæ bjuggu 70% íbúa á Suðurnesjum um næstliðin áramót. Í Grindavíkurbæ og Suðurnesjabæ, sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs bjuggu 13% íbúanna í hvoru fyrir sig. Þá bjuggu 5% íbúanna í Sveitarfélaginu Vogum.




Mynd 2 Skipting mannfjöldans eftir sveitarfélögum 2019

Heimild: Hagstofa Íslands


Reykjanesbær var einnig þéttbýlastur með 131 íbúa á ferkílómetra. Í Suðurnesjabæ voru 42 íbúar á ferkílómetra og um 8 í Grindavíkurbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Í heild voru 33 íbúar á ferkílómetra á Suðurnesjum en til samanburðar voru 218 íbúar á ferkílómetra á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum var hlutfallið alls staðar undir 2 íbúum á ferkílómetra.



Mynd 3 Íbúafjöldi Suðurnesja á ferkílómetra 2019

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun



Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun

## 1.3 Mannfjöldapróun

Íbúum á Suðurnesjum fjölgaði um 11.400 manns á tímabilinu frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019 eða um 72,5%. Veruleg íbúafjölgun varð í öllum sveitarfélögum á svæðinu. Í Reykjanesbæ fjölgaði um 8.500 manns, í Grindavík



um 1.300 manns, Suðurnesjabæ um 1.000 manns og tæplega 600 í Sveitarfélaginu Vogum.


Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga Suðurnesjum 1998-2019

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	Breyting
Reykjanesbær	10.405	10.856	10.908	11.952	14.091	14.231	15.233	18.920	8.515
Grindavíkurbær	2.134	2.314	2.434	2.701	2.837	2.860	3.126	3.427	1.293
Sveitarfélagið Vogar	716	784	932	1.112	1.206	1.105	1.148	1.286	570
Suðurnesjabær	2.460	2.577	2.679	3.147	3.225	3.010	3.002	3.480	1.020
<b>Samtals</b>	<b>15.715</b>	<b>16.531</b>	<b>16.953</b>	<b>18.912</b>	<b>21.359</b>	<b>21.206</b>	<b>22.509</b>	<b>27.113</b>	<b>11.398</b>

Heimild: Hagstofa Íslands


Það þýðir að íbúum Suðurnesja fjölgaði umfram landsmeðaltal og fóru úr því að vera 5,8% af íbúum landsins allt upp í það að vera 7,6%. Á tímabilinu 1998-2005 var íbúafjölgun á svæðinu nokkurn veginn í takt við landsmeðaltal en þá tók við þenslutímabil sem náði fram að hruni. Þá tók aftur við tímabil þar sem að íbúum fjölgaði í takti við landsmeðaltal en tæplega þó. Nýtt fólksfjölgunartímabil tók síðan við 2016, en frá þeim tíma hefur íbúum Suðurnesja fjölgað um 4.600 manns.

Í upphafi árs 1998 voru karlar búsettir á Suðurnesjum 435 fleiri en konur. Það hlutfall sveiflast aðeins til á tímabilinu en allra síðustu ár hefur körlum fjölgað meira en konum og voru karlar orðnir 1.935 fleiri en konur í upphafi árs 2019.




Mynd 5 Breyting á íbúafjölda á Suðurnesjum í samanburði við landið allt 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 6 Suðurnes, hlutfall af íbúum landsins


Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á Suðurnesjum

Heimild: Hagstofa Íslands

Erlendum ríkisborgurum á Suðurnesjum hefur stórfjölgað á tímabilinu 1998-2019. Fóru úr því að vera ríflega 300 í það vera rúmlega 4.900. Í Reykjaneshæ var ríflega fimmti hver íbúi í sveitarfélaginu með erlent ríkisfang. Í hinum sveitarfélögunum þremur er hlutfallið 13-16%. Árið 1998 var hlutfallið á Suðurnesjum á bilinu 1,5-3,2%. Á Suðurnesjum kom a flestir erlendu ríkisborgarana koma Póllandi eða um 85%. Flestir erlendu ríkisborgarana eru í aldurshópnum 20-44 ára eða 67% og eru karlar fleiri en konur eða 62% á móti 38%.



Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum eftir svæðum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands


## 1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli

Eins og áður segir var mikil fólksfjölgun á Suðurnesjum á undanförunum 20 árum. Undantekning er fækkun í Höfnum og í dreifbýli í Sveitarfélaginu Vogum.

Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019 á Suðurnesjum

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	breyting	breyting
<b>Suðurneshæ</b>	<b>2.460</b>	<b>2.577</b>	<b>2.679</b>	<b>3.147</b>	<b>3.225</b>	<b>3.010</b>	<b>3.002</b>	<b>3.480</b>	<b>1.020</b>	<b>41,5%</b>
Sandgerði	1.319	1.359	1.389	1.660	1.710	1.581	1.577	1.860	541	41,0%
Garður	1.141	1.218	1.290	1.487	1.515	1.429	1.425	1.620	479	42,0%
<b>Reykjaneshæ</b>	<b>10.405</b>	<b>10.856</b>	<b>10.908</b>	<b>11.952</b>	<b>14.091</b>	<b>14.231</b>	<b>15.233</b>	<b>18.920</b>	<b>8.515</b>	<b>81,8%</b>
Keflavík / Njarðvík	10.287	10.739	10.788	11.818	13.972	14.155	15.132	18.812	8.525	82,9%
Hafnir	118	117	120	134	119	76	101	108	-10	-8,5%
<b>Sveitarfélagið Vogar</b>	<b>716</b>	<b>784</b>	<b>932</b>	<b>1.112</b>	<b>1.206</b>	<b>1.105</b>	<b>1.148</b>	<b>1.286</b>	<b>570</b>	<b>79,6%</b>
Vogar	626	681	833	1.014	1.122	1.029	1.076	1.206	580	92,7%
dreifbýli	90	103	99	98	84	76	72	80	-10	-11,1%
<b>Grindavíkurbær</b>	<b>2.134</b>	<b>2.314</b>	<b>2.434</b>	<b>2.701</b>	<b>2.837</b>	<b>2.860</b>	<b>3.126</b>	<b>3.427</b>	<b>1.293</b>	<b>60,6%</b>

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa eftir svæðum á Suðurnesjum 1998-2019


Heimild: Hagstofa Íslands

## 1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting

Íbúum fjölgaði í aldurshópum á Suðurnesjum á tímabilinu 1998-2009. Körlum fjölgaði meira síðastliðin ár í aldurshópnum 20-29 ára og 30-39 ára. Í aldurshópnum 20-29 ár fjölgaði körlum um 1.439 á meðan konum fjölgaði um 967 og í aldurshópnum 30-39 fjölgaði körlum um 1.388 á meðan að konum fjölgaði um 797.


Á fyrri hluta tímabilsins voru um 94-96 konur á hverja 100 karla á Suðurnesjum. Það hlutfall fór niður fyrir 92 árið 2008 en var síðan í kringum 95 árin þar á eftir. Síðastliðin ár hefur hlutfallið lækkað verulega á nú og var tæplega 87 í ársbyrjun 2019.

Í upphafi árs 2019 var hlutfallið 85-87 í Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Vogum og í Suðurnesjabæ. Í Grindavík var hlutfallið hins vegar hæst, 89 konur á hverja 100 karla.




Mynd 10 Þróun aldursdreifingar karla á Suðurnesjum 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 11 Þróun aldursdreifingar kvenna á Suðurnesjum 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 12 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á Suðurnesjum 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum árið 2019

Heimild: Hagstofa Íslands

## 1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun


Miðað við undanfarin ár má segja að í allt til ársins 2005 hafi verið jafnvægi í brottflutningi og aðflutningi fólks á Suðurnesjum. Eftir það tók við tímabil fram að hruni þar sem fjölgaði um rúmlega 3.600 manns á fjórum árum. Sú fjölgun gekk til baka að hluta til á árunum 2009-2012 þegar 1.300 fleiri fluttu af Suðurnesjum en til þeirra. Þá hófst fólksfjölgun á ný og síðastliðin þrjú ár hafa yfir 4.000 fleiri flutt til Suðurnesja en frá þeim.

Jákvæður flutningsjöfnuður síðastliðinna 20 ára var ríflega 7.400 manns og var tæplega 6.000 af honum í Reykjanesbæ en minna í hinum sveitarfélögum þremur.



Mynd 14 Flutningsjöfnuður á Suðurnesjum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 15 Flutningsjöfnuður á Suðurnesjum 1998-2018 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands

Fæðingartíðni er verulega hærrí á Suðurnesjum en hún var fyrir 20 árum, þrátt fyrir að hún sé verulega lægri en á eftirhrunsárunum. Það má rekja til mikillar fólksfjölgunar á svæðinu. Sömuleiðis hefur dánartíðni aukist nokkuð af sömu ástæðum.


Þegar tekin eru saman fimm ára tímabil, annars vegar 2008-2012 og 2013-2017 hefur náttúruleg fjölgun dregist allnokkuð saman í öllum sveitarfélögum á svæðinu.

Íslenskum og erlendum ríkisborgurum fjölgaði í öllum sveitarfélögum á svæðinu á árunum 2013-2018. Erlendum ríkisborgurum fjölgaði um næstum 3.000 manns á meðan íslenskum ríkisborgurum fjölgaði um tæplega 1.600 manns.




Mynd 16 Fæðinga- og dánartíðni á Suðurnesjum 1998-2017

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 17 Náttúruleg fjölgun á Suðurnesjum 2008-2017

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 18 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum 2013-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi

Heimild: Hagstofa Íslands

## 2. Menntun

Hagstofa Íslands safnar gögnum um menntunarstig landsmanna á aldrinum 25-64 ára og eru þau unnin upp úr vinnumarkaðsrannsókn stofnunarinnar. Þau eru birt hér í fyrsta sinn í stöðugreiningum, en Byggðastofnun byggði í eldri stöðugreiningum á gögnum frá Capacent Gallup. Gögn Hagstofunnar sýna menntunarstig á árinu 2018.




Mynd 19 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Myndir 19 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlaða fyrir landið allt fyrir karla. Samanburðurinn sýnir að hlutfall karla sem er með grunnenntun er í hærri kantinum af öllum landshlutum eða 37%. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldsskólum en undir þennan flokk fellur ýmis iðmenntun og fleiri greinar er lágt eða 34% sem er lægra en annars staðar á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Hlutfall karla með bóknám frá framhaldsskóla er það sama og á höfuðborgarsvæðinu 10% sem er einu prósentustigi yfir meðallagi.

Grunn nám í háskóla er í lægri kantinum, en framhaldsnám í háskóla er svipað og á Norðurlandi eystra og Suðurlandi en verulega meira en annars staðar á landsbyggðinni. Það er hins vegar 12 prósentustigum lægra en á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Suðurnesjum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 20 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutnum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Rétt er hins vegar að benda á að í landsmeðaltali vegur höfuðborgarsvæðið afar mikið vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnenntun er verulega hærri hlutfall en á landinu öllu og starfsnám og bóknám í framhaldsskóla eru yfir landsmeðaltali. Hins vegar eru grunn nám og framhaldsnám í háskóla einungis um helmingur á við það sem er á landsvísu. Starfsnám í framhaldsskóla er þannig verulega hærri í landshlutnum en landsmeðaltal, en bóknám og grunn nám og framhaldsnám í háskóla verulega lægra en á landsvísu. Skýringar á þessu gætu verið að fólk sem hefur farið í frekara nám hafi flutt annað. Samanburður við landsbyggðina í heild sýnir að menntunarstig er lægra á Suðurnesjum nema í bóknámi í framhaldsskóla og framhaldsnámi í háskóla.

Þegar menntunartig kvenna í sömu aldurflokkum, þ.e. 25-64 ára er skoðað er munur á milli kynja. Mynd 21 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlaða fyrir landið allt fyrir konur.




Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Samanburðurinn sýnir að hlutfall kvenna sem er með grunnmenntun er í hæst á landinu eða 37%. Starfs- og bóknám í framhaldsskóla eru yfir meðaltali. Grunnám í háskóla er langlægst á landinu 18% eða 6 prósentustigum lægra en á Norðurlandi vestra þar sem það er næst lægst. Á móti kemur að framhaldsnám í háskóla er svipað og víðast annars staðar á landinu utan höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 22 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landið í heild. Höfuðborgarsvæðið vegur þungt í landsmeðaltali eins fram kom hér að framan vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnmenntun er upp undir helmingi hærri en á landsvísi og starfsnám í framhaldsskóla er hærra en landsmeðaltal. Bóknám í framhaldsskóla er allnokkru hærra en á landsvísi. Það hallar hins vegar verulega á landshlutann þegar kemur að grunnnámi í háskóla og

framhaldsnámi í háskóla. Þar er hlutföllin ríflega helmingur þess sem er á landinu öllu.



Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Suðurnesjum 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands




### 3. Efnahagsþróun

#### 3.1 Tekjur

Útsvarsstofn, atvinnutekjur og fjármagnstekjur á mann eru þrjár mælikvarðar til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði. Tekjur á öllum þessum mælikvörðum hafa á undanföllum árum verið nokkuð undir landsmeðaltali.


Atvinnutekjur á mann lækkuðu verulega í kjölfar hrunsins og útsvarsstofn á mann nokkuð. Tekjurnar hafa síðan elt landsmeðaltalið en alltaf verið nokkuð lægri þó saman hafi dregið allra síðustu ár. Fjármagnstekjur á mann voru miklu lægri fyrir hrun en lækkuðu mikið og hafa ekki komið upp aftur.

Útsvarsstofn á mann árið 2017 var 4,1 milljón kr. eða um 250 þúsund kr. undir landsmeðaltali. Atvinnutekjur á mann námu hins vegar tæplega 3,5 milljón kr. og voru um 150 þúsund kr. undir landsmeðaltali.




Mynd 23 Útsvarsstofn á mann á Suðurnesjum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga



Mynd 24 Fjármagnstekjur á mann á Suðurnesjum 2008-2016 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Ríkisskattstjóri




Mynd 25 Atvinnutekjur á mann á Suðurnesjum 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

### 3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Það varð mest á landinu á árunum þar á eftir og 14-17% þegar það var mest og var þá meira hjá körlum. Atvinnuleysi karla minnkaði hraðar en atvinnuleysi beggja kynja hefur verið yfir landsmeðaltali undanfarin ár.




Mynd 26 Atvinnuleysi karla á Suðurnesjum ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands

Allnokkur árstíðasveifla einkenndi atvinnuleysi á svæðinu fram til ársins 2015. Atvinnuleysi minnkaði ár frá ári þar til á síðustu misserum að það hefur aftur vaxið og er nú á bilinu 4-6%. Ástæður þessa eru væntanlega áföll í flugrekstri og tengdri starfsemi. Atvinnuleysi er því orðið allnokkuð yfir landsmeðaltali einkum hjá körlum, en hafa verður í huga að gríðarleg fólksfjölgun hefur orðið á Suðurnesjum undanfarin ár og innflytjendum fjölgað mikið.

Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka mikilvægt að horfa til fjöldapróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru leiti flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi. Hagstofan skilgreinir atvinnuþáttöku sem hlutfall vinnuafis af heildarmannfjölda. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuafli.



Mynd 27 Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands


Upplýsingar um atvinnuþáttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþáttaka karla á aldrinum 16-64 ára var 86,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 89,3% utan þess. Atvinnuþáttaka kvenna á sama aldri var 83,5% á höfuðborgarsvæðinu og 83,1% utan þess. Atvinnuþáttaka karla var 88,1% á höfuðborgarsvæðinu og 89,0% utan þess á 1. ársfjórðungi ársins 2019. Sambærilegar tölur fyrir konur voru 85,0% og 83,3%.

### 3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki.

Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og

besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á Suðurnesjum fylgja landsmeðaltalinu nokkuð en fjöldi fyrirtækja verið töluvert undir landsmeðaltali. Fylgni milli þróunar í landshlutanum og á landsvísu er frekar mikil eða um 0,84.



Mynd 28 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018


Heimild: Hagstofa Íslands

### 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð og þar með fasteignamat er eitt af þeim viðmiðum sem notuð eru til að lýsa efnahagslegri stöðu. Byggðastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til að reikna út fasteignamat og fasteignagjöld á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu frá árinu 2010.<sup>3</sup> Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m<sup>2</sup> að grunnfleti og stærð lóðar er 808m<sup>2</sup>. Fasteignagjöldin eru reiknuð út samkvæmt gildandi fasteignamati og samkvæmt álagningarreglum eins og þær eru í hverju sveitarfélagi. Heildarmat, sem er samanlagt verðmat

<sup>3</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fasteignamat/2019/fasteignagjold-2019.pdf>


fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir þéttbýlisstöðum. Öll árin hefur matið verið áberandi hæst í Suður-Þingholtunum í Reykjavík og þriðja árið í röð er Bolungarvík með lægsta heildarmatið.



Mynd 29 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á Suðurnesjum var mat fasteigna skoðað í Grindavík og Keflavík. Eru niðurstöður settar fram í súluriti hér fyrir neðan þar sem sjá má þróunina á fasteignamatinu frá 2014-2018.




Mynd 30 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum 2014 - 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á þessu fimm ára tímabili hækkar fasteignamatið í Grindavík um 27% og í Keflavík um 43,7%. Árið 2014 er munur á milli þessara staða 3,8% en 16,6% árið 2018 þar sem að mat Keflavíkur er hærra.


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta verið einstaklingar eða lögaðilar. Hlutfall milli þessara eigenda er mismunandi eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum. Eignarhald lögaðila á íbúðarhúsnæði var hæst í Reykjanesbæ, 31% en lægst var hlutfallið í Grindavíkurbæ, 14%. Yfir landið var skiptingin á eignarhaldi íbúðarhúsnæðis árið 2017; 78% einstaklingar og 22% lögaðilar.



Mynd 31 Eigendur íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum árið 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta átt lögheimili í því sveitarfélagi sem fasteignin er staðsett eða utan þess. Þjóðskrá Íslands heldur utan um skráningu á eignarhaldi fasteigna. Það er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum hvar eigendur íbúðarhúsnæðis eiga lögheimili. Sjá fyrir neðan yfirlit yfir eigendur íbúðarhúsnæðis flokkaða eftir búsetu.



Mynd 32 Lögheimili eigenda íbúða á Suðurnesjum 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Sumarhúsum á Suðurnesjum hefur fjölgað á undanförunum árum, þó svo að þau séu ekki mörg í samanburði við aðrar landsbyggðir. Flest eru sumarhúsin í Sveitarfélaginu Vogum og þá í Suðurnesjabæ.



Mynd 33 Sumarhús eftir sveitarfélögum á Suðurnesjum 1995 – 2018


Heimild: Þjóðskrá Íslands

## 4. Samgöngur

### 4.1 Vegir, hafnir og flugvöllir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 er Keflavíkurlugvöllur í grunnneti samgangna. Hann er eini flugvöllurinn á Suðurnesjum og eini flugvöllurinn á landinu með daglegt millilandaflug. Daglegt áætlunarflug er um völinn austur til Evrópu og vestur til Ameríku og mikið leiguflug. Milli flugstöðvar og Reykjavíkur eru rútuferðir í tengingu við millilandaflugið en Keflavíkurlugvöllur er ekki tengdur áætlunarflugi innanlands.

Þjóðvegur nr. 1 liggur ekki um Suðurnes en stofnvegur milli Reykjavíkur og Leifsstöðvar er einn fjölfarnasti vegarkafli landsins utan þéttbýlis með um 18.000 daglega ársumferð á sólarhring á milli Hafnarfjarðar og Voga. Stofnvegur á Suðurnesjum liggur frá Keflavíkurveginum að þéttbýlisstöðum, Garði, Sandgerði sem nú hafa verið sameinaðir í Sandgerðisbæ og suður til Grindavíkur og þaðan er Suðurstrandarvegur stofnvegur til Þorlákshafnar. Engir stofnvegir á Suðurnesjum liggja yfir 200 m.y.s.




Mynd 34 Helstu vegir á Suðurnesjum

Heimild: LMÍ

Ein vöruflutningahöfn er á Suðurnesjum, í Helguvík. Þrjár hafnir í landshlutanum eru í grunnneti samgöngukerfisins, tvær í flokki I, í Reykjanesbæ og Grindavík og ein í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, í Sandgerði. Að auki er ein smábátahöfn í flokki IV, í Vogum.

Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.



Mynd 35 Hafnir á Suðurnesjum

### 4.2 Almenningsamgöngur

Almenningsamgöngur á Suðurnesjum tengist þéttbýli í Keflavík og Njarðvík og vinnu- og þjónustusókn til flugvallarins.


Kerfi almenningsamgangna hefur verið mótað í samstarfi sveitarfélaga og stofnana gagnert til þess að auðvelda vinnu- og þjónustusókn á Suðurnesjum, nær til allra þéttbýlisstaða og byggist á samningum við sérleyfishafa. Það verður áfram mikilvægt viðfangsefni sveitarfélaga á Suðurnesjum.





Mynd 36 Almenningsamgöngur á Suðurnesjum

Heimild: straeto.is



Mynd 37 Almenningsamgöngur á Suðurnesjum

Heimild: visitreykjanes.is

### 4.3 Vinnusóknarsvæði og fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Vegalengdir eru ekki miklar milli staða og vegir liggja ekki hátt yfir sjó. Í skýrslunni Hagvöxtur landshluta 2004-2009 voru leidd rök að því (bls. 10) að fleira starfsfólk Leifstöðvar búi í nágrenni hennar en áður. Ekki hefur verið

kannað sérstaklega hvort svo sé nú síðustu ár, en mikill vöxtur flugvallarstarfseminnar og íbúafjölgun á Suðurnesjum bendir til að svo sé. Þá hefur stór hluti af fjölgun starfsfólks verið af erlendum uppruna og einnig hefur húsnæðisverð á Suðurnesjum verið hagstæðara en á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi flugstöðvarinnar ásamt fjölbreyttri þjónustu og verslun myndar þungamiðju Suðurnesja.


Landslag setur vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Suðurnesjum hvorki skýr mörk né heldur vegalengdir og skarast þau innbyrðis og einnig við vinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Dagleg vinnusókn er í báðar áttir á og Suðurnes eru þannig hluti af öflugasta vinnu- og þjónustusóknarsvæði á landinu.

Stytting ferðatíma, veg-styttingar og samgöngubætur, breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.

Tafla 3 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða á Suðurnesjum

	Frá Grindavík	Frá Keflavík
Grindavík		24
Hafnir	28	11
Sandgerði	33	9
Garður	34	11
Keflavík	24	
Vogar	19	15
Reykjavík	51	47

Heimild: Vegagerðin



Mynd 38 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Suðurnesjum


#### 4.4 Gagnaflutningar

Flest lönd ESB hafa sett það markmið að allir hafi aðgang að 30 Mb/sek. og á Ísland hafa verið sett markmið um ákveðið hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 30 Mb/sek. þjónustu árið 2020.

Lagt er til að fyrir Ísland verði sett markmið um hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 100 Mb/sek. þjónustu 2020. Flest Evrópulönd miða við að íbúar hafi almennt aðgang að 100 Mb/sek. 2025 eða fyrr. Þessi hraði gerir mögulegt að vera með fleiri þungar þjónustur í gangi samtímis á hverju heimili, t.d. fleiri en eitt sjónvörp í UHD upplausn. Markmið ESB landa gera ráð fyrir sívaxandi mikilvægi og kröfum til Internetþjónustu og í ljósi þess sífellt hærri markmiðum um Internetþjónustu. ESB lönd hafa flest sett sér markmið um enn hærri hraða, 100 Mb/sek. og 1 Gb/sek. sem nær til fleiri og fleiri íbúa í framtíðinni.

Með 3G og 4G er meðaltal innan við 100 Mb/sek. (miðað við mælingar gerðast í des 2018).

Staðan á Suðurnesjum er nokkuð misjöfn. Sums staðar er aðgengi að ljósleiðara en annars staðar VDSL. Þá eru einstakir staðir sem ekki hafa tekið inn tengingar.



Mynd 39 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019


Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun



## 5. Opinber þjónusta

### 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum sem mynda SSS og hefur miðstöð í Keflavík. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur miðstöð í Keflavík, þar hafa stjórnendur aðsetur og þar er líka heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu. Heilsugæslustöð er í Grindavík og heilsugæslusel í Vogum.<sup>4</sup> Nánar má kynna sér heilbrigðisþjónustu á [þjónustukorti Byggðastofnunar](#).



Mynd 40 Sjúkrahús og heilsugæsla


### 5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur

Á Suðurnesjum situr einn sýslumaður og einn lögreglustjóri. Bæði embættin hafa aðsetur í Reykjanesbæ og ná umdæmi beggja yfirsveitarfélögin fimm á

<sup>4</sup> [http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus\\_og\\_heilbrigdisstofnanir/](http://www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus_og_heilbrigdisstofnanir/)

<sup>5</sup> <http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/sudurnes/>

Suðurnesjum. Lögreglustöðvar eru í Grindavík og í Reykjanesbæ og hverfisstöðvar í Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.<sup>5</sup> Héraðsdómur Reykjanes hefur aðsetur í Hafnarfirði og umdæmi hans nær, auk sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum, yfir Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ.<sup>6</sup> Nánar má kynna sér löggæslu, sýslumenn og héraðsdóm á [þjónustukortinu](#).




Mynd 41 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019

### 5.3 Orkukostnaður

Árlegir útreikningar Byggðastofnunar og Orkustofnunar um kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun hafa verið gerðir frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 350 m<sup>3</sup>. Við útreikningana á orkukostnaði er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og húshitunarkostnaður hinsvegar. Nánar má kynna sér

<sup>6</sup> <http://www.domstolar.is/reykjanes>

efnið á heimasíðu Byggðastofnunar. Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir orkukostnað heimila á nokkrum stöðum á landinu.



Mynd 42 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

Heimild: Byggðastofnun

Í meðfylgjandi töflu 4 er að finna algengasta verð heildar orkukostnaðar á nokkrum stöðum á landinu. Ef horft er til algengasta verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Algengasti heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Grundarfirði, Neskaupsstað og í Vopnafjarðarhreppi 292.900 kr. en lægstur á Seltjarnarnesi 141.571 kr.

Tafla 4 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

			Almenn raforkunotkun	Húshitun Rafhitun / Hitaveita	Orkukostnaður alls
	Dreifiveita - Rafmagn	Hitaveita / Kynt hitaveita	Algengasta verð	Algengasta verð	Algengasta verð
RARIK - Dreifbýli án hitaveitu	RARIK	-	120.061	204.906	324.967
Orkubú Vestfjarða - Dreifbýli án hitav.	Orkubú Vestfjarða	-	120.101	195.449	315.550
Grundarfjörður	RARIK	-	87.994	204.906	292.900
Reyðarfjörður	Rafveita Reyðarfjarðar	-	87.736	203.015	290.751
Ísafjörður	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	195.449	281.684
Seyðisfjörður	RARIK	RARIK	87.994	204.906	270.890
Veitur ohf. - Dreifbýli	RARIK	RARIK	120.061	130.072	250.133
Dreifbýli á Norðurlandi - Með hitaveitu	RARIK	Ýmsar*	120.061	109.908	229.969
Vestmannaeyjar	HS Veitur	HS Veitur	84.122	209.635	226.690
Hafrarfjörður	HS Veitur	Veitur	84.122	111.612	195.734
Reykjavík	Veitur	Veitur	81.647	111.612	193.259
Akranes	Veitur	Veitur	81.647	109.340	190.987
Akureyri	Norðuroorka	Norðuroorka	83.081	96.844	179.925
Selfoss	HS Veitur	Selfossveitur	84.122	95.708	179.830
Keflavík	HS Veitur	HS Veitur	84.122	92.584	176.706
Sauðárkrókur	RARIK	Skagafjarðarveitur	87.994	88.324	176.318
Egilsstaðir	RARIK	Hitav. Egilsstaða og Fella	87.994	85.768	173.762
Seltjarnarnes	Veitur	Hitaveita Seltjarnarness	81.647	59.924	141.571

\* Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Húnaþings vestra, Hitaveita Óxarfjarðarhéraðs, Norðuroorka, Orkuveita Húsavíkur, RARIK og Skagafjarðarveitur Öll verð með sköttum og öðrum gjöldum.  
Samkvæmt gjaldskrá 1. sept 2018

Heimild: Byggðastofnun

Af þeim tveimur þéttbýlisstöðum á Suðurnesjum sem voru með í úttekt<sup>7</sup> sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera eru báðir staðirnir með orkukostnað vel undir meðaltali. Hitaveita er á svæðinu og er hún rekin af HS Veitum. Rafmagn kemur einnig frá HS Veitum.

Tafla 5 Orkukostnaður heimila á Suðurnesjum á nokkrum þéttbýlisstöðum


Staður	Hitaveita Fjarvarma v. kr/ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	2019		2014
				Rafmagn Almenn notkun kr/ári	Samtals rafmagn og hiti kr/ári	Samtals rafmagn og hiti kr/ári
Keflavík	92.584		92.584	84.122	176.706	162.026
Grindavík	90.596		90.596	84.122	174.718	162.026

Heimild: Orkustofnun

Þróun orkukostnaðar hefur verið með sambærilegum hætti í þessum tveimur þéttbýliskjörnum. Orkukostnaður hefur fylgt verðlagsþróun að einhverju leiti. Sjá

<sup>7</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Orkukostnadur/2018/samanburdur-a-orkukostnadi-heimila-2018.pdf>

nánar á mynd hér fyrir neðan sem sýnir þróun orkukostnaðar á verðlagi hvers árs.



Mynd 43 Þróun orkukostnaðar á Suðurnesjum á nokkrum þéttbýlisstöðum 2014-2018

Heimild: Byggðastofnun

## 5.4 Opinber störf

Byggðastofnun hefur tekið saman fjölda opinberra starfa og dreifingu þeirra um landið síðan 2013. Tölurnar sem settar eru fram hér eru fyrir fjölda ríkisstarfa áramótin 2018/2019. Í greiningunni er miðað við víða skilgreiningu ríkisstarfa, þ.e. stöðugildi greidd af Fjársýslu ríkisins, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins og þær stofnanir sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Á landsvísi starfa fleiri konur fyrir ríkið en karlar; 63% á móti 37% karla. Á Suðurnesjum er hlutfalið annað eða 48% stöðugildi kvenna á móti 52% stöðugildum karla. Er það eini landshlutinn þar sem karlar eru fleiri en konur. Á Suðurnesjum búa 7,6% af íbúafjölda landsins en þar eru staðsett 5,8% af heildarstöðugilda opinberra starfa hjá ríkinu. Hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu skipt niður á landshluta.

<sup>8</sup> <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/hvar-eru-rikisstorf-in-2>

Tafla 6 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12. 2018

Stöðugildi opinberra starfa skipt á landshluta	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heilda
Höfuðborgarsvæðið	11.181	6.328	17.509	228.231	63,9%	70,7%
Vesturland	562	259	821	16.507	4,6%	3,3%
Vestfirðir	262	192	454	7.063	2,0%	1,8%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,0%
Norðurland eystra	1.332	616	1.948	30.445	8,5%	7,9%
Austurland	368	189	557	10.670	3,0%	2,3%
Suðurland	923	551	1.474	29.735	8,3%	6,0%
Suðurnes	691	748	1.439	27.113	7,6%	5,8%
Annað	31	33	64	-	0,0%	0,3%
<b>Samtals</b>	<b>15.663</b>	<b>9.088</b>	<b>24.751</b>	<b>356.991</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Heimild: Byggðastofnun

Í greiningu Byggðastofnunar kemur fram að stöðugildum hafi fjölgað á Suðurnesjum um 11,5 eða um 0,8% milli ára 2017-2018. „Helsta breytingin er í Reykjanesbæ þar sem stöðugildum fjölga um 12,6 og munar þar helst um fjölgun hjá Lögreglustjóra Suðurnesja.“<sup>8</sup> Stöðugildun fjölgaði hins vegar um 121,5 eða 9,6% á milli áruna 2016 og 2017. Í töflunni hérna að neðan má sjá þróunina á opinberum störfum í árslok fyrir árin 2014, 2016 og 2018.

Tafla 7 Opinber ríkisstörf í landshlutanum

Sveitarfélag	2014 Konur	2014 Karlar	2014 Samtals	2016 Konur	2016 Karlar	2016 Samtals	2018 Konur	2018 Karlar	2018 Samtals
Grindavíkurbær	30	5	35	32	6	38	33	6	39
Reykjanesbær	438	514	952	570	661	1.231	658	738	1.396
Sandgerðisbær	-	1	1	-	2	2	-	-	-
Sveitarfélagið Garður	-	1	1	-	2	2	-	-	-
Sveitarfélagið Vogar	-	1	1	-	1	1	-	-	-
Suðurnesjabær	-	-	-	-	-	-	-	4	4
<b>Samtals</b>	<b>469</b>	<b>522</b>	<b>990</b>	<b>602</b>	<b>672</b>	<b>1.274</b>	<b>691</b>	<b>748</b>	<b>1.439</b>

Heimild: Byggðastofnun

Í árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tekin saman störf á vegum sveitarfélaga í landinu. Gögnin frá sambandinu miða við stöðu stöðugilda 1. apríl ár hvert. Sambandið heldur einnig skrá yfir kynjaskiptingu þessara stöðugilda hjá sveitarfélögum. 1. apríl 2018 var heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögum í landinu 21.245. Af því voru um 15.790 konur eða 74% og

5.455 karlar eða 26%. Það starfa því þrisvar sinnum fleiri konur fyrir sveitarfélögin í landinu heldur en karlar. Á Suðurnesjum var heildarfjöldi stöðugilda 1.211 og voru 938 konur og 274 karlar. Hlutfallið var því hærra en gerist á landsvísu eða 77% konur og 23% karlar.

Tafla 8 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Reykjanesbær	542	159	700	579	152	732	623	160	783
Grindavíkurbær	109	40	149	122	47	170	134	47	181
Sandgerðisbær	74	23	97	69	25	95	77	24	101
Sveitarfélagið Garður	37	20	57	39	22	62	44	23	68
Sveitarfélagið Vogar	53	19	71	53	19	71	60	19	78
<b>SAMTALS Suðurnes</b>	<b>814</b>	<b>261</b>	<b>1.074</b>	<b>863</b>	<b>265</b>	<b>1.129</b>	<b>938</b>	<b>274</b>	<b>1.211</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Samanlagðan fjöldi stöðugilda ríkis og sveitarfélaga er því hægt að áætla og þróun á fjölda stöðugildanna frá ári til árs. Á töflunni hérna fyrir neðan sést að fjöldi stöðugilda hjá ríki og sveitarfélögum hefur verið að aukast sem og hlutfall íbúa með stöðugildi hjá þessum opinberu aðilum. Nánar má skoða þróunina í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 9 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum

Ártal	Fjöldi stöðugilda samtals hjá ríki 1. jan	Fjöldi stöðug. hjá sveitarf. 1. apríl	Íbúafjöldi	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá sveitarf.	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarf.
2014	896	1.074	21.560	4,2%	5,0%	9,1%
2016	1.110	1.129	22.509	4,9%	5,0%	9,9%
2018	1.428	1.211	25.770	5,5%	4,7%	10,2%

Heimild: Úttekt Byggðastofnunar á opinberum störfum og Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ljóst er að þróun á fjölda stöðugilda á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur þýðingu fyrir búsetuskilyrði í landshlutanum. Ekki bara með tilliti til áhrifa á atvinnu heldur einnig með tilliti til þjónustu. Hlutfall þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum gefur að einhverju leyti til kynna það þjónustustig sem er í landshlutanum.


## 6. Önnur þjónusta

### 6.1 Verslun

Í greiningu á verslun var dagvöruverslun flokkuð niður í eftirtalda flokka:

1. Lágvöruverðsverslun:
  - a. Bónus, Nettó, Krónan, þar sem að gert er ráð fyrir sama verði á sömu vöru um land allt
2. Stærri dagvöruverslun:
  - a. Verslun sem hefur stóra markaðshlutdeild á sínu svæði og er með fjölbreytt úrval.
3. Önnur dagvöruverslun:
  - a. Dagvöruverslanir sem ekki falla undir flokk 1. og 2.
  - b. Einstakar verslanir eða t.d. búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

Lágvöruverslun er skilgreind sem stórverslun þar sem vöruverð er lægra en í öðrum dagvöruverslunum. Þetta eru oftast verslunarkeðjur. Lágvöruverslun telst því vera á Grindavík og Reykjanesbæ og þar er einnig stærri dagvöruverslun. Þá eru litlar matvörubúðir á öllum þéttbýlisstöðunum, en sumar með mjög takmarkað vöruframboð.



Mynd 44 Dagvöruverslanir á Suðurnesjum

Á Suðurnesjum eru samtals 13 dagvöruverslanir, 6 lágvöruverðsverslanir og 6 aðrar dagvöruverslanir auk einnar stærri dagvöruverslunar og skiptast þær niður á sveitarfélögin eins og sýnt er á neðangreindri töflu.

Tafla 10 Dagvöruverslanir á Suðurnesjum eftir sveitafélögum 2019


Sveitarfélag	Lágvöruverðsverslun	Önnur dagvöruverslun	Stærri dagvöruverslun	Samtals
<b>Grindavíkurbær</b>	1			<b>1</b>
<b>Sveitarfélagið Vogar</b>		1		<b>1</b>
<b>Suðurnesjabær</b>		2		<b>2</b>
<b>Reykjanesbær</b>	5	3	1	<b>9</b>
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>1</b>	<b>13</b>

Heimild: Byggðastofnun, þjónustukort.is

## 6.2 Ýmis þjónusta

Árið 2019 opnaði Byggðastofnun aðgang [þjónustukorti](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Er gerð kortsins ein af aðgerðum á byggðaáætlun 2018-2024. Á kortinu má finna upplýsingar um alla helstu þjónustubætti, allt frá neyðarþjónustu til stjórnþjónustu.

Árið 2018 gerði Byggðastofnun þjónustukönnun á Suðurnesjum.<sup>9</sup> Þar kom fram að íbúar á Suðurnesjum sóttu um 57% þjónustunnar til stofnana og fyrirtækja í Reykjanesbæ, um 28% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og tæp 6% var sótt til Grindavíkur. Um 38% svarenda á Suðurnesjum gáfu þjónustunni í sveitarfélaginu þar sem þeir búa ágætiseinkunn (8-10) og 49% svarenda gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (5-7). Þeir eldri eru líklegri til að vera ánægð með þjónustuna en þeir yngri og konur eru líklegri til að vera ánægð með þjónustuna en karlar. Svarendur með háskólapróf voru að jafnaði ánægðari með þjónustuna en þeir með grunnskólapróf og svarendur með þrjú eða fleiri börn á heimili voru að jafnaði ekki eins ánægðir með þjónustuna og þeir svarendur þar sem færri voru í heimili. Nánar má kynna sér þjónustusókn íbúa á Suðurnesjum í skýrslunni.




Mynd 45 Þjónustusókn á Suðurnesjum

Heimild: Byggðastofnun

## 6.3 Ferðapjónusta

Mikill vöxtur hefur verið í ferðapjónustu undanfarin ár og er ferðapjónusta sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest þegar kemur að landsbyggðinni. Þessi efling ferðapjónustunnar kemur meðal annars fram í tölum um gistinætur. Á árinu 2012 voru gistinætur á Suðurnesjum um 127 þúsund. Á árinu 2018 voru gistinætur 522 þúsund og hefur gistinóttum á svæðinu fjölgað um fjórðung síðan 2012. Þó vöxtur í fjölda gistinotta hafi verið hraður á undanförunum árum þá hefur hægt nokkuð á honum á síðasta ári, 2018. Sjá þróun í fjölda gistinotta á meðfylgjandi mynd.


<sup>9</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/1-sudurnes-loka.pdf>



Mynd 46 Gistinætur á Suðurnesjum 2008 – 2018 eftir svæðum

Heimild: Hagstofa Íslands


Eins og víða annarsstaðar á landinu er mikil árstíðarsveifla í fjölda gistinotta á Suðurnesjum. Aðal tímabilið er yfir sumartímann eins og sjá má á mynd 47.



Mynd 47 Gistinætur á Suðurnesjum eftir mánuðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 2012 voru innlendir ferðamenn tæplega 20% sem gisti á Suðurnesjum. Næst á eftir þeim voru gestir frá Bandaríkjunum um 13% og Bretlandi um 12%.




Mynd 48 Gistinætur á Suðurnesjum eftir þjóðerni 2012

Heimild: Hagstofa Íslands

Síðan 2012 hefur orðið töluverð breyting á þjóðerni þeirra er gista á Suðurnesjum. Gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað verulega úr tæplega 25 þúsund árið 2012 í tæplega 54 þúsund árið 2018. Íslenskir ferðamenn eru hins vegar ekki lengur fjölmennasti hópurinn sem gisti á Suðurnesjum. Stærsti hópur ferðamanna sem gisti á Suðurnesjum 2018 eru bandaríkjamenn en fjöldi gistinotta fór úr 17 þúsund í 143 þúsund milli árána 2012 og 2018. Árið 2018 eiga því ferðamenn frá Bandaríkjunum flestar gistinætur á Suðurnesjum en eftir þeim koma ferðamenn frá Bretlandi, Íslandi, Kína og Þýskalandi. Er um að ræða umtalsverða aukningu hjá öllum þjóðernum. Athygli vekur að inn á svæðið eru að koma ferðamenn frá löndum sem hafa ekki mikið sótt svæðið áður, t.d. frá Kína með um 49 þúsund gistinætur.






Mynd 49 Gistinætur á Suðurnesjum eftir þjóðerni 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Á milli árana 2012 og 2018 varð ríflega tvöföldun á fjölda gistinóttá á landinu. Heildarfjöldinn fór úr 3.8 milljón gistinóttum árið 2012 í 8.5 milljón nætur árið 2018. Heildarfjöldi gistinóttá á Suðurnesjum fór úr því að vera 127.476 árið 2012 yfir í að vera 522.448 gistinætur árið 2018. Er það mun meiri vöxtur en var á landsvísi á tímabilinu.

Árið 2012 var hlutdeild Suðurnesja í heildarfjölda gistinátta á landinu 3,4%. Árið 2018 var hlutdeildin 6,1%. Á þessu mikla vaxtartímabili í ferðapjónustu hefur Suðurnes aukið hlutdeild verulega í heildarfjölda gistinátta á landinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun hlutdeildar landshlutanna í heildarfjölda gistinóttá frá 2008-2018.



Mynd 51 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 50 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018

Heimild: Hagstofa Íslands




## 7. Landbúnaður

Íslensk matvælaframleiðsla er umfangsmikill hluti af íslensku efnahagslífi. Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, er mikilvæg grunnstoð í atvinnulífi hvers landshluta. Sé litið á heildar rekstrartekjur allra búgreina á landinu árið 2017 þá er hlutdeild Suðurnesja um 3% skv. greiningu Vífils Karlssonar<sup>10</sup>. Í sömu skýrslu kemur fram vægi sauðfjár- og kúabúskapar á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum metið út frá rekstrartekjum; 16% tekna koma frá sauðfé, 77% frá kúabúum og 7% frá öðrum nautgripabúum. Þar kemur einnig fram að árið 2017 voru 2% allra jarða í ábúð á Íslandi á Suðurnesjum.

### 7.1 Kjötframleiðsla

Kjötframleiðsla í landinu hefur aukist á undanförunum árum. Framleiðsla á kindakjöti, nautakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti fer úr því að vera 19.033 tonn árið 1998 í 32.481 tonn árið 2018. Það gerir um 71% aukningu á framleiðslumagni á tímabilinu. Hérna fyrir neðan má sjá þróun í framleiðslu á kjöti eftir tegundum á landsvísi frá 1998-2018. Mestur er vöxturinn á framleiðslu á alifuglakjöti þar sem framleiðslan fer úr 2.736 tonnum árið 1998 í 9.483 tonn árið 2018 og er því orðin næst stærsta framleiðslutegundin eftir á kindakjöti.



Mynd 52 Kjötframleiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

### 7.2 Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings í landinu og á Suðurnesjum og Höfuðborgarsvæðinu frá 1998 til 2018 fyrir fimm tegundir búfjár má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Eru þetta tölur frá Hagstofu Íslands. Eins og sjá má þá eru ekki til tölur fyrir fjölda hrossa fyrir árin 2014, 2015 og 2018. Er það vegna ónákvæmra upplýsinga í skráningu. Í tölunum fyrir svín eru einungis skráðar fullorðnar gyltur og geltir.

<sup>10</sup> <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>

Tafla 11 Þróun á fjölda búpenings í landshlutunum

	Nautgripir alls		Sauðfé alls		Hross		Svin		Varphaensni	
	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.
1998	75.500	978	490.002	5.376	78.400	7.772	3.987	1.486	166.911	120.697
1999	74.534	978	490.538	5.326	77.330	9.063	3.926	1.469	160.640	124.880
2000	72.135	1.025	465.777	4.860	73.995	8.775	3.862	1.832	193.097	137.050
2001	70.168	1.008	473.535	4.994	73.809	8.673	4.561	1.621	128.241	90.950
2002	67.225	928	469.657	4.848	71.267	9.028	4.075	1.616	160.537	117.544
2003	66.035	1.389	463.006	4.851	71.412	11.969	3.852	1.794	165.242	127.126
2004	64.639	1.264	455.398	4.736	72.222	8.880	3.553	1.636	166.466	120.196
2005	65.979	1.380	454.950	4.590	74.820	9.267	3.982	1.745	166.119	126.835
2006	68.670	1.470	455.656	4.395	75.644	9.273	4.218	1.835	181.857	120.281
2007	70.660	1.409	454.812	4.471	76.982	9.831	4.147	1.772	184.244	123.289
2008	72.012	1.310	457.861	4.423	77.502	9.335	4.265	1.964	168.515	132.905
2009	73.498	1.305	469.429	4.700	77.158	8.742	3.818	1.690	199.958	146.037
2010	73.781	1.386	479.841	4.687	77.164	8.902	3.615	1.424	173.419	136.744
2011	72.773	1.271	474.759	4.627	78.277	8.817	3.619	1.411	221.167	185.697
2012	71.513	1.260	476.262	4.889	77.380	8.978	3.643	1.416	200.169	161.924
2013	70.461	1.216	484.108	4.631	72.626	8.426	3.651	1.415	215.180	174.068
2014	74.444	1.294	487.075	3.842	...	...	3.644	1.415	226.474	179.500
2015	78.634	1.273	480.656	3.627	...	...	3.550	.	238.000	171.654
2016	79.923	1.279	473.144	3.456	68.522	3.447	3.548	.	246.223	181.654
2017	80.895	1.246	458.634	2.969	64.679	3.408	3.567	.	220.460	137.000
2018	81.385	1.324	432.023	2.686	...	...	3.323	.	253.763	211.671

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi nautgripa hefur haldist nokkuð stöðugur á svæðinu á þessum árum. Hlutfall nautgripa á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hefur verið um 2% af heildarfjölda á landinu. Fjöldi sauðfjár hefur dregist saman á svæðinu en hefur haldist í kringum 1% af heildarfjölda á landinu. Heildarfjöldi sauðfjár á landsvísi hefur dregist saman síðan 2014 í takt við versnandi afkomu í greininni. Athygli vekur mikill fjöld varphaensna á svæðinu en á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum má finna rúmlega 80% af varphaenum á landinu.

### 7.3 Fjöldi búa

Fjöldi sauðfjárbúa á Höfuðborgarsvæðinu (HBS) og Suðurnesjum hefur dregist saman undanfarin ár. Fjöldi kúabúa hefur hins vegar nokkurn veginn staðið í stað. Árið 2017 voru 44 sauðfjárbú og 21 kúabú á svæðinu. Fjöldi búa á landsvísi hefur einnig verið að dragast saman og hefur Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes haldið nokkurn veginn sama hlutfalli búa á sínu svæði eða 3% allra sauðfjárbúa og 3% kúabúa á landinu. Fjölda búa og þróun þeirra má sjá nánar á meðfylgjandi töflu.


Tafla 12 Fjöldi búa á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og á landinu öllu 2009-2017

	Ártal	2009	2011	2013	2015	2017
Sauðfjárbú	Alls	1.688	1.670	1.686	1.558	1.441
	HBS og Suðurnes	52	50	54	46	44
	Hlutfall	3%	3%	3%	3%	3%
Kúabú	Alls	695	681	676	653	614
	HBS og Suðurnes	20	20	21	23	21
	Hlutfall	3%	3%	3%	4%	3%

Heimild: Hagstofa Íslands

### 7.4 Greiðslumark


Stuðningsgreiðslur í landbúnaði eru tengdar greiðslumarki í búvöru- og búnaðarlögum. Heildargreiðslumark sauðfjár á landinu eru 363.455 ærgildi. Skiptingu greiðslumarkans niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hérna fyrir neðan.



Mynd 53 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Mjög fá ærgildi eru skráð á Suðurnesjum. Hlutfall greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum var 0,05% af greiðslumarki alls landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Skipting greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 54 Greiðslumark sauðfjár á Suðurnesjum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Heildargreiðslumark mjólkur á landinu öllu er 145 milljón lítrar. Skiptingunni niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hér fyrir neðan.




Mynd 55 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall greiðslumarks mjólkur á Suðurnesjum var 0% af heildargreiðslumarki landsins árið 2018, þ.e. ekkert skráð greiðslumark.

## 7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurstöðva er nauðsynleg fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða. Matvælastofnun veitir sláturhúsum og mjólkurstöðvum starfsleyfi að undangenginni úttekt. Á meðfylgjandi korti er hægt að sjá dreifingu þessarar þjónustu um landið. Á landinu öllu eru 10 sláturhús og 12 mjólkurstöðvar skv. skráningu Matvælastofnunar. Á Suðurnesjum er hvorki mjólkurstöð né sláturhús.




Mynd 56 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019

Heimild: Matvælastofnun

## 8. Sjávarútvegur

### 8.1 Fiskveiðar

Í fyrri stöðugreiningum voru upplýsingar um afla settar fram miðað við heimahöfn skipa. Hér er valið að miða annars vegar við löndunarhafnir og í einnig í nokkrum tilvikum er afli sýndur miðað við verkunarhafnir. Að höfðu samráði við Hagstofu Íslands hefur þessu verið breytt vegna þess að með breytingum á eignarhaldi útgerða er talið að heimahafnir skipa gefi í mörgum tilvikum takmarkaðri upplýsingar um umsvif á einstökum útgerðarstöðum. Þar með er ekki sagt að einhver ein skráning afla gefi algjörlega rétta mynd af umsvifunum.



Mynd 57 Afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir löndunarhöfnum á Suðurnesjum

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 13 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á Suðurnesjum

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Grindavík	46.104	46.012	44.876	47.713	42.363	40.800	43.667	42.029	47.050	38.151	39.136	42.166
Sandgerði	21.331	19.814	19.570	17.559	15.497	15.557	12.778	12.794	10.859	13.324	10.358	11.458
Keflavík	5.116	4.295	5.322	4.442	4.995	4.821	5.364	5.397	4.941	5.304	4.628	5.499
Njarðvík	1.632	764	751	463	503	84	0	0	68	6	0	0

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 57 sýnir afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir löndunarhöfnum á Suðurnesjum á árunum 2007-2018 og tafla 13 sýnir afla fyrir þessar hafnir. Langmestum afla er landað í Grindavík en nokkrar sveiflur milli ára. Afli hefur þó heldur aukist síðustu ár. Landaður afli hefur minnkað töluvert í Sandgerði, en verið nokkuð stöðugur í Keflavík sem er minnst af þessum löndunarhöfnum.

Mynd 58 sýnir ráðstöfun afla í öðrum tegundum en uppsjávarfiski fyrir hafnir á Suðurnesjum. Afli sem er verkaður í landshlutanum hefur aukist allt frá árinu 2007. Mest af afla á Suðurnesjum er verkaður á Suðurnesjum eða annars staðar á Íslandi en hlutdeild afla af frystiskipum (landað unnið) er þó töluvert miðað við aðra landshluta. Gámafiskur hefur nánast horfið eftir árið 2009.




Mynd 58 Ráðstöfun afla á Suðurnesjum

Heimild: Hagstofa Íslands


### 8.2 Uppsjávarafli

Veði og verkun uppsjávartegunda vega ekki þungt á svæðinu. Nokkru magni af loðnu var landað á tímabili í Keflavík, einnig var allnokkur makrílafli á þessum stöðum á tímabili.



Mynd 59 Afli í uppsjávartegundum á Suðurnesjum

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 60 Ráðstöfun uppsjávarafli á Suðurnesjum

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 60 sýnir skiptingu afla sem er verkaður á Suðurnesjum og annars staðar á Íslandi og þess sem er landað unnið. Undanfarin ár hefur dregið úr afla sem er unninn innanlands með verulegum sveiflum, en unninn afli hefur breyst lítillega. Rétt er að benda á að hér er ekki um mikið magn að ræða á landsvísu.

### 8.3 Úthlutaðar aflaheimildir




Mynd 61 Úthlutaðar aflaheimildir á Suðurnesjum

Heimild: Fiskistofa

Mynd 61 sýnir úthlutaðar aflaheimildir á Suðurnesjum fyrir helstu tegundir botnfiska. Aflaheimildir í heild hafa vaxið á þessu tímabili einkum í þorski en einnig allnokkuð í ufsa.

Mynd 62 sýnir úthlutaðar aflaheimildir eftir stöðum án uppsjávartegunda. Aflaheimildir hafa vaxið í Grindavík mest af þessu tímabili og voru langmestar þar. Allnokkrar aflaheimildir voru í Garði, en litlar í Sandgerði sem er þó næststærsta löndunarhöfnin. Rétt er að geta að þessi tvö sveitarfélög hafa verið sameinuð.



Mynd 62 Úthlutuð þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á Suðurnesjum eftir stöðum án uppsjávartegunda

Heimild: Fiskistofa

## 9. Stoðkerfi

### 9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt atvinnuþróunarfélögum hafa gengt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutasáttum. Í gildi eru samningar á milli Byggðastofnunar og átta landshlutasamtaka eða atvinnuþróunarfélaga um atvinnu- og byggðapróun sem fjármagnað er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) nær til starfssvæðis sambandsins, fjögurra sveitarfélaga, sem aðild eiga að sambandinu og hefur gildistíma frá 2018 til ársloka 2022. Samkvæmt samningi fékk SSS greiddar 22,2 m.kr. árið 2018 og fær samtals 22,6 m.kr. árið 2019.

Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999 með síðari breytingum og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000*, stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun landshlutans.

Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félagsins m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli samningsaðila.

Samkvæmt samningum er hlutverk SSS m.a. að vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðapróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþættir
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun, samstarf o.fl.

Hlutverk Byggðastofnunar í samningunum er eins við öll landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög. Felst hlutverkið m.a. í faglegri aðstoð, samræmingu og miðlun upplýsinga til allra samningsaðila og samstarfi við aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar. Þá hefur Byggðastofnun umsjón með sameiginlegum fundum og veitir eftir atvikum aðstoð við skipulag annarra funda, ráðstefna, og náms- og kynnisferða starfsmanna landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna. Einnig þróar Byggðastofnun og leitast við að halda úti gagnagrunni á sviði byggðamála sem félögin hafa aðgang að.

Fyrir 15. desember ár hvert skilar SSS til Byggðastofnunar starfsáætlun fyrir næstkomandi ár þar sem samþætta skal áherslur félagsins við markmiðasetningu og árangursmat. Í áætluninni skal gerð grein fyrir settum markmiðum, hvernig þau verði metin á næstkomandi ári og með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, þ.m.t. starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna. Þá skal SSS skila fyrir lok maímánaðar ár hvert ársreikningi fyrir næstliðið ár og skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári þar sem fram koma frávík frá starfsáætlun ef einhver voru. Í árskýrslu skal koma fram mat á árangri samanber sett markmið í starfsáætlun næstliðins árs.

SSS rekur Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Hekluna, sem eins deild sem annast framkvæmd samnings við Byggðastofnun. Verkefni Heklunnar fjölbreytt á sviði atvinnu og byggðapróunar auk verkefna á sviði nýsköpunar og rekstur Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja. Markaðsstofa Reykjaness og Reykjaness Unesco Global Geopark heyrir undir starfsemi Heklunnar.



## 9.2 Sóknaráætlun

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaáætlun hverju sinni. Sóknaráætlanir byggja á lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir.<sup>11</sup>

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Við gerð þessara samninga runnu saman vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Landshlutasamtökin annast umsýslu þeirra og auglýsa eftir umsóknum um styrki í það minnsta árlega. Þau skipa einnig úthlutunarnefnd.

<sup>11</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html)

<sup>12</sup> Sóknaráætlun Suðurnesja:  
[www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f480-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f480-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74)

Samkvæmt þriðju grein samninga um sóknaráætlanir landshluta skal marka stefnu í þessum málaflokkum:

- Menningarmálum
- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Uppbyggingu mannauðs
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins

Sóknaráætlun skal byggja á a.m.k. þremur stöðum:

- Greiningu á stöðu svæðisins
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum
- Svæðisskipulagi, þar sem það liggur fyrir.

Skipa á samráðsvettvang þar sem tryggð er breið aðkoma úr samfélaginu og gæta skal aldurs- og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangurinn á að hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og koma saman í það minnsta árlega.

Sóknaráætlun Suðurnesja<sup>12</sup> byggir á samningi milli Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 frá 10. febrúar 2015.<sup>13</sup> Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni rúmar 75,8 m.kr. frá fyrrnefndum ráðuneytum á ári á tímabilinu. Frá sveitarfélögum á Suðurnesjum renna rúmar 7,4 m.kr. árlega til samningsins.

Meginmarkmið sóknaráætlunar Suðurnesja 2015-2019 eru fjögur:

- Fjölbreytt atvinnulíf og nýir sprotar
- Öflug markaðssetning og jákvæð sjálfsmynd
- Aukið námsframboð og samvinna í menningarmálum
- Lítið atvinnuleysi og fjölskylduvænt samfélag

Alls fylgja níu undirmarkmið/aðgerðir þessum fjórum meginmarkmiðum.

<sup>13</sup> [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7083c4ab-b1f1-11e9-9446-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7083c4ab-b1f1-11e9-9446-005056bc4d74)

Alls hafa runnið rúmar 358,8 m.kr. til sóknaráætlunar Suðurnesja árin 2015-2019. Þar af hefur ríkið lagt fram tæpar 326,7 m.kr., sveitarfélög á Suðurnesjum rúmar 31 m.kr og önnur framlög námu tæpum 2 m.kr.

Á tímabilinu 2015-2018<sup>14</sup> hafa verið samþykkt 31 áhersluverkefni á Suðurnesjum. Frá sóknaráætlun hafa runnið rúmar 129,1 m.kr. til þessara 31 áhersluverkefna á Suðurnesjum á tímabilinu. Á sama tímabili voru samþykktir styrkir úr uppbyggingarsjóði til 135 verkefna að heildarstyrkfjárhæð 203,9 m.kr.

Fjöldi fulltrúa í samráðsvettvangi á Suðurnesjum var 26 árin 2015-2016. Á Suðurnesjum voru 9 fulltrúar undir 25 ára aldri árið 2015, en eftir það var enginn fulltrúi undir 25 ára.

Þann 12. nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga nýja samninga um sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta. Samningarnir gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024.

Suðurnes hafa þegar mótað sér fjögur meginmarkmið í nýrri sóknaráætlun 2020-2024 en þau eru:

- **Atvinna og nýsköpun**
  - Uppbygging atvinnulífsins
  - Ferðapjónusta
  - Sjálfbærni og samvinna sveitarfélaga
  - Nýsköpun, ímynd og markaðsmál
- **Menning**
  - Listsköpun, menningartengd kennsla og fjölmening
  - Viðburðir, samvinna og markaðsmál
- **Umhverfismál**
  - Umhverfisvitund og úrgangsmál
  - Gróðurhúsalofttegundir, uppgræðsla og skógrækt
  - Auðlindir, framleiðsla og vistvænar samgöngur
- **Velferð og samfélag**
  - Vellíðan og heilsa

---

<sup>14</sup> Tölur gilda til og með ársins 2018 þar sem tölur fyrir 2019 liggja ekki fyrir.

- Menntun og virkni